Nr. 1152 24. nóvember 2015

# GJALDSKRÁ

**byggingarleyfis- og þjónustugjalda byggingarfulltrúa í Fjarðabyggð.**

1. gr.

*Byggingarleyfisgjöld.*

1.1 *Byggingarleyfi.*

Byggingarleyfisgjaldi vegna nýbyggingar stærri en 15 m² er skipt í fast gjald og gjald fyrir hvern m³.

Innifalið í gjaldinu er lögboðin meðferð byggingarleyfisskyldra erinda, lóðarblað, yfirferð teikninga, útsetning lóðar og byggingarreits húss (tvær útsetningar), öryggis- og lokaúttekt (eitt skipti á hvora) og eftirlit byggingarfulltrúa skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

| | |
|---|---|
| Rúmmetragjald fyrir byggingar stærri en 15 m² | 172 kr./m³ |
| Byggingar 15-60 m² | 88.654 kr. |
| Byggingar stærri en 60 m² | 155.145 kr. |
| Viðbyggingar – sólstofur, bílgeymslur, garðhús 15-25 m² | 19.947 kr. |
| Viðbyggingar – sólstofur, bílgeymslur, garðhús 25-60 m² | 31.029 kr. |
| Viðbyggingar stærri en 60 m², sama leyfisgjald og fyrir húsið sem byggt er við | 155.145 kr. |
| Sumarbústaðir og gripahús 15-60 m² | 37.678 kr. |
| Sumarbústaðir og gripahús stærri en 60 m² | 75.356 kr. |
| Yfirferð teikninga (undanþegin leyfisgjaldi í lið 1.1) | 11.082 kr./klst. |
| Vinna byggingarfulltrúa (t.d. ef vinna fer fram úr innheimtu leyfisgjaldi) | 11.082 kr./klst. |
| Gjöld vegna aðkeyptrar yfirferðar séruppdrátta | samkvæmt reikningi |
| Meiri háttar framkvæmdir undanþegnar hefðbundinni gjaldtöku. | 37.678 kr. |
| Minni háttar breytingar á húsnæði – útlitsbreytingar, litir, skilti, loftnet, stoðveggir og girðingar | 6.095 kr. |
| Leyfi vegna sólpalla, sólpalla með girðingum, garðhúsa minni en 15 m² o.fl. | 9.974 kr. |
| Niðurrif mannvirkja | 18.290 kr. |
| Endurnýjun byggingarleyfis | 12.190 kr. |

1.2 *Gjöld vegna stöðuleyfa.*

Stöðuleyfisgjöld eru miðuð við m² lausafjármuna. Lágmarksviðmunarstærð vegna stöðuleyfisgjalda er 15 m². Gjald er miðað við útgáfu stöðuleyfis. Stöðuleyfi eru að hámarki veitt til 12 mánaða í senn.

| | |
|---|---|
| Stöðuleyfisgjald á einbýlishúsalóðum | 3.059 kr./m² |
| Stöðuleyfisgjald á verslunar-, skrifstofu- og þjónustulóðum | 3.204 kr./m² |
| Stöðuleyfisgjald á iðnaðar- og athafnalóðum og í dreifbýli | 1.845 kr./m² |
| Stöðuleyfisgjald fyrir lausafjármuni sem háðir eru starfsleyfi | 3.204 kr./m² |
| Stöðuleyfisgjald/leigugjald á skipulögðum ómalbikuðum gámasvæðum í Fjarðabyggð | 923 kr./m² |
| Stöðuleyfisgjald/leigugjald á skipulögðum malbikuðum gámasvæðum í Fjarðabyggð | 1.845 kr./m² |

2. gr.

*Afgreiðslu- og þjónustugjöld.*

2.1 *Leyfisveitingar og úttektir.*

| | |
|---|---|
| Aðrar leyfisveitingar, úttektir og vottorð (vínveitingaleyfi, húsaleiguúttektir, umsagnir vegna rekstrarleyfa (hver ferð) o.fl.) | 18.290 kr. |
| Úttektir vegna byggingarstjóraskipta | 11.082 kr. |
| Úttektir vegna meistaraskipta | 8.866 kr. |

| | |
|---|---|
| Stöðuúttektir (undanþegnar leyfisgjaldi í lið 1.1) | 22.164 kr. |

2.2 *Afgreiðslur.*

| | |
|---|---|
| Afgreiðsla eignaskiptayfirlýsinga | 24.380 kr. |
| Breyting á lóðarleigusamningi að beiðni lóðarhafa | 10.523 kr. |
| Fyrir að útvega teikningar, 1. blað | 554 kr. |
| Fyrir að útvega teikningar, fleiri en eina – hvert blað | 108 kr. |

(sama gjald fyrir teikningar á rafrænu formi)

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hvert útgefið byggingarleyfi sem afgreitt er í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd eða á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa.

Gjöld skv. 1. gr. eru óendurkræf þótt lóðarúthlutun og byggingarleyfi falli úr gildi.

3. gr.

*Einingarverð og gildistaka.*

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari taka breytingum mánaðarlega í samræmi við breytingu byggingarvísitölu í október 2015.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og er innheimt við útgáfu byggingarleyfis, sbr. 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og öðlast gildi 1. janúar 2016. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1135/2014.

*Fjarðabyggð, 24. nóvember 2015.*

**Páll Björgvin Guðmundsson** bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2015